

Mál nr. 349/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Tjónshugtak. Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. nóvember 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 9. nóvember 2022.
4. Bréf M, dags. 14. nóvember 2022.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að raxskemmdir urður á parketi í húseign hans vegna vatnstjóns. M kveðst hafa fengið tjón á parketinu bætt með því að nýtt parket hafi verið lagt á þann hluta gólfefnisins sem skemmdist. Myndir liggja auk þessa fyrir af gangi þar sem nýtt og gamalt gólfefni liggur saman.

M telur sig ekki hafa fengið tjón sitt að fullu bætt úr fasteignatryggingu sinni þar sem litamunur sé á hinu nýja parketi og því sem fyrir var, þannig að mismunandi glans, áferð og kvistar séu í því gamla og því nýja. M telur að frágangur leiði til verðyrnunar á húseign hans og vitnar í málskoti til álit smiðs og fasteignasala um það. M ítrekar afstöðu sína í viðbótarathugasemdum sínum.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur vegna tjóns M og vísar m.a. til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og 3. mgr. 21. gr. váttryggingarskilmála um bætur vegna gólfefnis sem er orðið eldra en fimm ára og frádrátt vegna þess. V bendir á að tjón M hafi verið bætt með nýju parketi sem sé sömu gerðar og hið eldra og þrátt fyrir óverulegan sjónarmun hafi ekki verið sýnt fram á að heildarútlit raskist þannig að frekari bótaréttur hafi stofnast til handa M. Einnig bendir V á að staðhæfingar í málatilbúnaði M um álit smiðs og fasteignasala feli ekki í sér sönnun um verðyrnun.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að einhver litamunur sé á eldra parketi og því nýja sem lagt hafi verið til að gera við skemmd á hluta gólfs í húseign M. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að húseign hans í heild geti verið verðminni vegna þessa, en ekki verður annað séð af gögnum málsins að upphaflegt gólfefni sé komið eitthvað til ára sinna. Staðhæfingar M um hvað aðrir hafa sagt um mögulega verðyrnun duga ekki sem sönnunargagn um slíka. Ekki telst því sannað að M hafi orðið fyrir frekara fjárhagstjóni í skilningi váttryggingarskilmála V um fasteignatryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu sinni. hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir